

# Lög

## um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum (ábyrgð farsala o.fl., EES-innleiðing).

### 1. gr.

Á eftir 136. gr. laganna kemur ný grein, 136. gr. a, og jafnframt ný millifyrirsögn, 2a. *Skip í millilandasiglingum og skip í innanlandssiglingum í flokki A og B*, á undan henni, svohljóðandi:

Um skip sem flytja farþega og farangur í millilandasiglingum og skip sem flytja farþega og farangur í innanlandssiglingum í flokki A og B, sbr. flokkun farþegaskipa í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB frá 6. maí 2009 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip (endurútgáfa) eins og hún er innleidd hér á landi, gilda ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 frá 23. apríl 2009, um bótaábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó, að því leyti sem hún mælir fyrir um sérreglur gagnvart ákvæðum þessa kafla.

Samgöngustofa annast framkvæmd og eftirlit með ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009.

Ráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um form, efni, útgáfu og kostnað við útgáfu skirteina sem staðfesta að skip hafi gildandi váttryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009.

### 2. gr.

Á eftir 241. gr. laganna kemur ný grein, 241. gr. a, svohljóðandi:

Vanræki útgerðarmaður að tryggja skip sitt, sbr. 1. mgr. 171. gr. a, varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum.

Ef útgerðarmaður, í merkingu laga þessara, er ekki einstaklingur eiga refsíákvæði 1. mgr. við um framkvæmdastjóra viðkomandi útgerðarfyrirtækis eða einstakling í sambærilegri stöðu.

3. gr.

243. gr. a laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Innleiðing á EES-gerðum.*

Í lögum þessum eru eftirfarandi EES-gerðir innleiddar í íslenskan rétt:

- a. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB frá 23. apríl 2009 um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010.
- b. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 frá 23. apríl 2009 um bóta-ábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2011.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda gagnvart skipum í flokki A frá 30. desember 2016 og gagnvart skipum í flokki B frá 30. desember 2018.

---

*Samþykkt á Alþingi 30. júní 2015.*